

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi Byggða.

Breytingin varðar lóð nr. 24 við Hæðarbyggð og gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir garðskúr, hámarksstærð húss er 16 m² og hámarkshæð 2,80 m.

Breyting á deiliskipulagi Molduhrauns.

Breytingin varðar lóð nr. 2 við Miðhraun og felst í því að heimilt verður að staðsetja þrjú farsímaloftnet á þakbrún verslunarhússins að Miðhrauni 2.

Breyting á deiliskipulagi Hofstaðamýrar.

Breytingin varðar lóð nr. 10 við Fífumýri og gerir ráð fyrir því að hámarksgrunnflötur húss verði 212 m² í stað 160 m².

Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts.

Breytingin varðar lóð nr. 20 við Dýjagötu og felur í sér að húsagerð E1d verður E1e, sem hefur í för með sér breytingu á byggingarreit.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi

Garðabæ, 9. júní 2009.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2009